

# Fjarðabyggð

INNVIÐAGREINING 2023-2024



FJARÐABYGGÐ



AUSTURBRÚ

## Um innviðagreininguna

Fjarðabyggð innviðagreining 2023-2024 var unnin af Austurbrú fyrir hönd Fjarðabyggðar.

Markmið Austurbrúar er að einfalda stjórnslu, vera vettvangur fyrir samstarf og samþættingu og vinna metnaðarfullt starf, íbúum Austurlands til hagsbóta.

### VERKEFNASTJÓRAR AUSTURBRÚAR

Esther Ösp Gunnarsdóttir  
Jón Knútur Ásmundsson

### VERKEFNASTJÓRAR FJARÐABYGGÐAR

Valgeir Ægir Ingólfsson  
Dórður Vilberg Guðmundsson

### TEXTAVINNA

Arnfríður Eide Hafþórsdóttir  
Ásdís Helga Bjarnadóttir  
Esther Ösp Gunnarsdóttir  
Jón Knútur Ásmundsson

### ÞÝÐING

Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir

### PRÓFARKALESTUR

Alda Marín Kristinsdóttir

### UMBROT OG HÖNNUN

Esther Ösp Gunnarsdóttir

### FORSÍÐUMYND

Alta ráðgjöf

### ÚTGEFANDI OG ÁBYRGÐARAFILI

Fjarðabyggð



# Efnisyfirlit

Ávarp	4	<b>Þjónusta</b>	32
Ísland og Austurland	5	Opinber þjónusta	32
		Einkarekin þjónusta	33
<b>Einkenni Fjarðabyggðar</b>	6	<b>Vinumarkaður</b>	34
Mjóifjörður	8	Vinnuafli	34
Neskaupstaður	9	Menntun	35
Eskifjörður	10	<b>Tækifærin í Fjarðabyggð</b>	36
Reyðarfjörður	11	Samfélag og innviðir	36
Fáskrúðsfjörður	12	Sjávarútvegur og fiskeldi	37
Stöðvarfjörður	13	Iðnaður	38
Breiðdalsvík	14	Ferðaþjónusta	39
Vegalengdir	15	Samvinna sveitarfélaga	40
		Landbúnaður	40
<b>Umhverfi</b>	16	Menning	41
Veðráttá	16	Menntun og mannrækt	41
Jarðfræði og loftslag	17	Störf án staðsetningar	42
Lífriki	18	Orkuskipti	43
Náttúruvá	19		
<b>Samgöngur</b>	20		
Á landi	20		
Í lofti	21		
Á sjó	22		
<b>Samfélag</b>	26		
Húsnæði	26		
Velferð og menntun	27		
Menning	28		
Félagsstarf	30		

# Ávarp

ÁVARP BÆJARSTJÓRA



Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggðar.  
Mynd: Esther Ósp Gunnarsdóttir



Öflugt atvinnulíf og hátt atvinnustig hefur verið eitt megineinkenni Fjarðabyggðar. Innan sveitarfélagsins er að finna öflug sjávarútvegs-, þjónustu- og iðnaðarfyrirtæki sem skapa gríðarmiklar gjaldeyrstekjur fyrir þjóðarbúið.

Á næstu árum munum við sjá miklar breytingar í þessum grunnatvinnuvegum. Með auknu fiskeldi og tæknivæðingu fiskvinnslunnar munu skapast fjölmörg tækifæri til frekari uppbyggingar þar sem vel menntað fólk getur látið til sín taka.

*Við höfum sýnt í verki að við tökum fagnandi á móti nýjum íbúum, fyrirtækjum og tækifærum til nýsköpunar.*

Vöxtur í öðrum atvinnugreinum hefur líka verið umtalsverður á síðustu árum. Þannig hefur ferðaþjónustan eflst og með stækkandi Fjarðabyggð í suðurátt er ljóst að landbúnaður mun skipa stærri sess í atvinnulífi sveitarfélagsins en áður.

Viljinn til að vaxa er innbyggður í samfélagið okkar. Sveitarfélagið Fjarðabyggð býr að því að hafa gengið í gegnum miklar samfélagsbreytingar á síðustu árum vegna stóriðjuuppbyggingar, breytinga sem áttu sér fá - ef nokkur - fordæmi í íslenskri atvinnusögu. Þá sýndu íbúar, fyrirtæki og stofnanir samfélagsins fádæma aðlögunarhæfni og samstöðu.

Samfélagið býr enn að þessari reynslu og við höfum sýnt í verki að við tökum fagnandi á móti nýjum íbúum, fyrirtækjum og tækifærum til nýsköpunar. Þá er þjónusta sveitarfélagsins mikil og stenst allan samanburð á landsvísi. Frá stofnun Fjarðabyggðar hefur verið unnið eftir fjölskylduvænni stefnu sem kemur m.a. fram í því að gjöld sem snerta fjölskyldur eru með þeim lægstu á landinu.

Uppbygging innviða hefur alla tíð verið íbúum þessa svæðis mikilvæg.

Þjónustustig er hærra en gengur og gerist með samfélög af svipaðri stærð erlendis og samgöngubylting hefur átt sér stað með gerð tveggja nýrra jarðgangna eftir aldamót.

Atvinnuþróun og frekari atvinnusköpun er meginverkefni sveitarfélagsins. Við viljum skapa framúrskarandi umgjörð utan um atvinnulífið í sveitarfélaginu og vinna með fyrirtækjum sem vilja hefja starfsemi eða efla þá sem er til staðar nú þegar.

Við vitum að góð atvinna er forsenda byggðar og helsta ástæða þess að fólk ákveður að flytja til okkar en svo það dvelji til lengri tíma þarf samfélagið að mæta öllum fjölbreytilegu þörfum og kröfum. Fjarðabyggð mun verða þátttakandi í orkuskiptum með uppbyggingu græns orkugarðs í Reyðarfirði og þar með virkur þátttakandi í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

Þessi innviðagreining, sem við höfum unnið í samvinnu við Austurbrú, er einskona samfélagslýsing sem við vonum að gefi góða mynd af kraftmiklu samfélagi sem hefur alla burði til að vaxa og dafna um ókomna tíð.

# Ísland

Ísland er eyríki í Norður-Atlantshafi á milli Grænlands, Færeyja og Noregs, um 103.000 km<sup>2</sup> að stærð, næststærsta eyja Evrópu á eftir Bretlandi og sú átjándi stærsta í heimi. Á Íslandi búa um 394.000 manns, rúmlega helmingur þeirra í höfuðborginni Reykjavík og næsta nágrenni.

Ísland er lýðveldi með forseta en Alþingi er æðsta stofnun landsins. Ísland á ekki aðild að ESB en tekur þátt í Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við EES-samninginn. Ísland er aðili að NATO.

Fiskur og aðrar sjávarafurðir eru mikilvægasta tekjulind Íslendinga. Næst á eftir kemur útflutningur á áli og járnbendi. Á síðari árum hefur mikill vöxtur verið í greinum á borð við líftækni, hugbúnað og ferðaþjónustu á Íslandi.


# Austurland

Austurland nær frá Bakkafirði í norðri til Krossness í suðri og eru sveitarfélögin á svæðinu fjögur: Fjarðabyggð, Múlaþing, Fljótsdalshreppur og Vopnafjarðarhreppur. Sveitarfélögin ná yfir tæplega 16.000 ferkílómetra og á öllu svæðinu búa um 10.000 manns.

Ein meginforsenda búsetu við Austfirði er sjósókn, fiskiðnaður, álframleiðsla og önnur hafnsækin starfsemi, enda gjöful fiskimið við austurströnd landsins. Þrátt fyrir hlutfallslega dreifða byggð í landshlutanum er atvinnulífið í miklum blóma, mörg stöndug fyrirtæki hafa starfað á Austurlandi um áratugaskeið og heilt yfir hefur atvinnuleysi verið lítið síðustu ár og áratugi.

Á Austurlandi starfa nokkur af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og þar er einnig stærsta álver landsins, sem og virkjun, sem skilað hefur svæðinu fjölda fólks með mikla tækni- og fagþekkingu.

Á undanförunum árum hefur Austurland í auknum mæli orðið viðkomustaður ferðamanna í leit að ósnortinni náttúru. Störfum í ferðaþjónustu og tengdum greinum hefur fjölgað á síðustu árum og óhætt að fullyrða að þetta sé vaxandi atvinnugrein í landshlutanum.



# Einkenni Fjarðabyggðar

Fjarðabyggð einkennist af háum fjöllum og djúpum fjörðum. Þéttbýliskjarnar Fjarðabyggðar eru sjö talsins. Nyrst er Mjóifjörður en þar er eitt minnsta þorp á Íslandi. Þá kemur Neskaupstaður við Norðfjörð sem er fjölmennasti bæjarhluti Fjarðabyggðar, því næst Eskifjörður sem stendur við samnefndan fjörð, þá Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður. Syðsti þéttbýliskjarni Fjarðabyggðar er Breiðdalsvík. Um 5.200 íbúar búa í Fjarðabyggð.

## Fjölbreytt atvinnutækifæri

Fjarðabyggð er fjölkjarna samfélag með fjölbreytta atvinnustarfsemi og góðar samgöngur svo íbúar geta sótt atvinnu um allt sveitarfélagið. Í könnun sem gerð var fyrir Vegagerðina árið 2016 sögðust tæp 60% svarenda vera tilbúin til að leggja á sig akstur í 30 mínútur eða meira til vinnu fyrir rétta starfið. Stór hluti íbúa á miðsvæði Austurlands fer milli bæja til vinnu og mörg fyrirtæki og stofnanir þjónusta allt Austurland. Atvinnustig hefur um árabil verið

hátt í Fjarðabyggð sem og atvinnutekjur á hvern íbúa. Atvinnuleysi hefur verið með því minnsta á landinu. Nágranni Fjarðabyggðar er sveitarfélagið Múlaþing þar sem stærsti byggðakjarninn er Egilsstaðir. Þangað eru 34 km um þjóðveg nr. 1 frá Reyðarfirði sem gerir svæðið enn stærra atvinnulega séð. Innanlands- og millilanda flugvöllur er í um 30 mínútna akstursfjarlægð frá Reyðarfirði. Fjarðabyggð býður fyrirtækjum, frumkvöðlum og einstaklingum upp á góða aðstöðu og aðbúnað í kraftmiklu samfélagi og í nálægð mikilla náttúruauðlinda.

## Stutt í auðlindir

Stutt er í auðlindir hafsins og góð hafnar-mannvirki eru til staðar fyrir útgerð, vöruflutninga og skemmtiferðaskip. Iðnaðarframleiðslan og sjávarútvegs-fyrirtækin eru nútímaleg, tæknivædd og fylgja áherslum umhverfisverndar. Tækifæri í ferðaþjónustu eru fjölbreytt enda landslagið einstakt, menningar-landslagið alþjóðlegt og ferskt hráefni rétt við höndina.

Í Oddsskarði, á milli Norðfjarðar og Eskifjarðar, er einstakt skiðasvæði.  
Mynd: Þráinn Kolbeinsson



## Tryggir innviðir

Samgöngur innan Fjarðabyggðar eru mjög góðar með tilkomu Fáskrúðsfjarðar- og Norðfjarðarganga. Í sveitarfélaginu er öflugt dreifikerfi raforku, netsamband öruggt og 4G símasamband er í öllum þéttbýliskjörnum. Dreifbýli Fjarðabyggðar er að mestu leyti ljósleiðaravætt. Í sveitarfélaginu eru öflugar stöðstofnanir og stöndug og nútímaleg iðnaðar- og sjávarútvegsfyrirtæki. Þá eru mörg dæmi um verktaka og þjónustuaðila sem hafa reynslu af því að vinna með aðilum innan sem og utan svæðis að stórum og smærri verkefnum. Í ferðaþjónustunni hafa vaxið sprotar sem bjóða upp á fyrsta flokks gisti- og veitingaþjónustu.

## Opinber þjónusta

Heilbrigðis- og velferðarþjónusta er í háum gæðaflokki í Fjarðabyggð en í Neskaupstað er m.a. rekið umdæmisjúkrahús Austurlands þar sem starfar fjöldi fagfólks og boðið er upp á fjölbreytta heilbrigðisþjónustu, s.s. skurðstofu og fæðingarþjónustu. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar og útivistar, mennta- og fræðastofnanir bjóða upp á vandaða menntun en hægt er að stunda nám á öllum skólastigum í Fjarðabyggð. Aðstaða til menningarstarfs er góð miðað við stærð samfélagsins og opinber stuðningur við það hefur líkast til aldrei verið meiri en nú með tilkomu sérstakrar menningarstofu sem sveitarfélagið rekur.

Sólsetur í Fáskrúðsfirði.  
Mynd: Maria Szabo



## MJÓIFJÖRÐUR



VEGASAMGÖNGUR: ÓREGLULEG  
VETRAROPNUN



SIGLINGAR TIL OG FRÁ  
NESKAUPSTAÐ TVISVAR Í VIKU



ÚTGERÐ




LANDBÚNAÐUR



FERÐAÞJÓNUSTA

-  SJÁVARÚTVEGUR, NETAGERÐ OG SMÁBÁTAÚTGERÐ
-  GERVIGRASVÖLLUR
-  ÍÐRÓTTAHÚS
-  FERÐAÞJÓNUSTA: GISTI- OG VEITINGASTAÐIR
-  LEIKSKÓLI
-  GRUNNSKÓLI
-  VERKMENNTASKÓLI
-  TÓNSKÓLI
-  SUNDLAUG
-  FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚS OG HEILSUGÆSLA
-  MENNINGARHÚS
-  VERSLUN OG ÞJÓNUSTA
-  IÐNAÐUR OG VERKTAKAR
-  MÚLINN, SAMVINNUHÚS



## ESKIFJÖRDUR



AÐ NORÐFJARÐAR-  
GÖNGUM: 7,5 KM



SJÁVARÚTVEGUR, NETAGERÐ  
SMÁBÁTAÚTGERÐ, FISKELDI,  
FARPEGASKIP



KNATTSPYRNUVÖLLUR



SUNDLAUG



FERÐAÞJÓNUSTA: GISTI- OG  
VEITINGASTAÐIR



LEIKSKÓLI



GRUNNSKÓLI



HEILSUGÆSLA



TÓNSKÓLI



ÍÞRÓTTAHÚS



SKÍÐAMIÐSTÖÐIN  
Í ODDSSKARÐI: 7 KM



TÓNLISTARMÍÐSTÖÐ  
AUSTURLANDS




VERSLUN OG ÞJÓNUSTA



IÐNAÐUR OG VERKTAKAR


-  SJÁVARÚTVEGUR, FISKELDI  
SMÁBÁTAÚTGERÐ
-  FJARÐABYGGÐARHÖLLIN  
OG ÍPRÓTTAHÚS
-  SUNDLAUG
-  FERÐAÞJÓNUSTA: GISTI- OG  
VEITINGASTAÐIR
-  LEIKSKÓLI
-  GRUNNSKÓLI
-  HEILSUGÆSLA
-  TÓNSKÓLI
-  VERSLUN OG ÞJÓNUSTA
-  IÐNAÐUR OG VERKTAKAR
-  STÓRIÐJA
-  STJÓRNSÝSLUKJARNI



## FÁSKRÚÐSFJÖRDUR



AÐ FÁSKRÚÐSFJARÐAR-  
GÖNGUM: 7,5 KM



SJÁVARÚTVEGUR OG  
SMÁBÁTAÚTGERÐ



KNATTSPYRNUVÖLLUR



SUNDLAUG



FERÐAÞJÓNUSTA: GISTI- OG  
VEITINGASTAÐIR



LEIKSKÓLI



GRUNNSKÓLI



HEILSUGÆSLA



TÓNSKÓLI



ÍÞRÓTTAHÚS




VERSLUN OG ÞJÓNUSTA




IÐNAÐUR OG VERKTAKAR

-  SJÁVARÚTVEGUR, FISKELDI OG SMÁBÁTAÚTGERÐ
-  SUNDLAUG
-  FERÐAÞJÓNUSTA: GISTI- OG VEITINGASTAÐIR
-  LEIKSKÓLI
-  GRUNNSKÓLI
-  HEILSUGÆSLA
-  TÓNSKÓLI
-  ÍÐRÓTTAÐÚS
-  SKÖPUNARMÍÐSTÖÐIN
-  KNATTSPYRNUVÖLLUR
-  VERSLUN
-  IÐNAÐUR OG VERKTAKAR



## BREIÐDALSVÍK



SMÁBÁTAÚTGERÐ, SJÁVAR-  
ÚTVEGUR OG -IÐNAÐUR



LANDBÚNAÐUR



SUNDLAUG



FERÐAÞJÓNUSTA: GISTI- OG  
VEITINGASTAÐIR



LEIKSKÓLI



GRUNNSKÓLI



HEILSUGÆSLA



TÓNSKÓLI



ÍÞRÓTTAHÚS



MATVÆLAÞRÓUN



VERSLUN





IÐNAÐUR OG VERKTAKAR



BRUGGIÐNAÐUR

## VEGALENGDIR FRÁ REYÐARFIRÐI



# Umhverfi

VEDRÁTTA



Hið fjallenda landslag og nálægð við hafið hefur mikil áhrif á veðráttuna í Fjarðabyggð. Í lognviðri speglast fjöllin með rómantískum hætti í haffletinum og gefa einstaka upplifun af fjörðunum. Annars einkennist veðráttan töluvert af lágum sumarhita. Austfjarðapokan er einstakt og myndrænt fyrirbæri sem setur mark sitt á veðráttu svæðisins og skýrir að nokkru þennan lága hita, sérstaklega yfir sumarmánuðina.

Ríkjandi vindar eru mjög breytilegir eftir því hvar er borið niður; innst í fjörðum eða úti með strönd fyrir opnu hafi. Vindafar er einnig töluvert breytilegt eftir stöðum, t.d. er ríkjandi suðvestan- og norðaustanátt á Kambanesi en hvassviðrisáttirnar eru helst suðsuðvestan og norðnorðaustan. Vestlægur vindur er aftur á móti ríkjandi í Breiðdal og leggst þannig út eftir landslagi dalsins.

## Nánari upplýsingar

Veðurstofa Íslands heldur úti vindatlas ([vindatlas.vedur.is](http://vindatlas.vedur.is)) þar sem hægt er að nálgast yfirlit yfir vindafar, ríkjandi vindáttir og vindhraðadreifingu á öllu Íslandi.



Þoka í Eskifirði.  
Mynd: Kristófer Leó Ingason



Sandfell í Fáskrúðsfirði.  
Mynd: Björnfríður Fanney Þórðardóttir

Berggrunnur svæðisins tilheyrir elstu jarðmyndunum á Íslandi. Jarðmyndanir á svæðinu eru annars vegar basalt með uppruna í hraun- eða flæðigosum og hins vegar gosmyndanir frá megineldstöðvum (basalt, andesit og líparít). Berggrunnur í sveitarfélaginu er yfirleitt þéttur og grunnvatnsrennsli óverulegt. Grunnvatnsrennsli er helst í lausum jarðlögum, s.s. í áreyrum, skriðum og sandi. Svæðið einkennist af landmótun veðrunar og jökla. Þá er áberandi að

jarðlög halla almennt til vesturs (inn til landsins). Bergtegundir eru mjög fjölbreytilegar á svæðinu og setja sérstæðan svip á landslagið, ekki hvað síst í Breiðdalnum. Í Fjarðabyggð er Helgustaðanáma sem er ein frægasta silfurbergsnáma í heimi og náttúruverndarsvæði.

Jarðvegur í Fjarðabyggð er víðast hvar þunnur en gróður þekur þó flesta dali og undirlendi. Þegar ofar dregur í fjalls-



Kambaskriður á milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur.  
Mynd: Austurbrú

hlíðar minnkar gróðurþekjan. Votlendi er nokkuð inni í dölunum. Lítið er um náttúrulegt skóglendi en víðir og lágvaxið birki eru þar ríkjandi.

Helsta landslagseinkenni sveitarfélgasins er vogskorin strönd þar sem firðir, vikur, dalir og háir fjallgarðar skiptast á. Firðir og dalir eru margir hverjir djúpir og þröngir og ganga langt inn í landið. Fjöllin eru brött og gefa umhverfinu sterkan svip.

Firðirnir liggja frá austri til vesturs og hefur byggð í þeim aðallega þróast norðanmegin, þar sem sólar nýtur best. Landslag svæðisins hefur jafnframt sett sitt mark á samgöngur milli byggðarkjarna en síðustu ár hafa jarðgöng auðveldað þær og stækkað atvinnusvæðið. Breiðdalur er víðfeðmastur byggðra dala í Fjarðabyggð þar sem landrými og undirlendi til ræktunar er gott.

Selir sjást fyrst og fremst við útnes, þar sem mannaferðir eru minni.  
Mynd: Skarphéðinn G. Þórisson



LÍFRÍKI



Nálægðin við hafið gerir sveitarfélagið að sannkallaðri sjávarbyggð. Firðirnir eru uppeldisstaðir fyrir ungfisk af ýmsum tegundum, einkum þorsk- og flatfiska. Tiltölulega stutt er að sækja á gjöful fiskimið frá Breiðdalsvík, Eskifirði og Norðfirði. Aðstaða fyrir sjókvíaelði hefur verið talin góð, ekki hvað síst í Mjóafirði og Reyðarfirði. Í Fjarðabyggð hefur laxeldi vaxið töluvert á síðustu árum og lítur út fyrir frekari vöxt í þeirri grein.

Ár og lækir setja mikinn svip á landslag Fjarðabyggðar, bæði innan og utan þéttbýlisstaðanna. Þannig eru ár, árgil og fossar algengir í dalbotnum. Lækir

í byggð, sérstaklega á Fáskrúðsfirði og Eskifirði, gefa byggðinni einnig sérstakan og skemmtilegan svip. Fiskgengd í ám er nokkur en ein helsta veiðiáin er Breiðdalsá. Skordýralíf er talið í meðal-lagi fjölbreytilegt í Fjarðabyggð.

Auðugasta fuglalíf í Fjarðabyggð er við sjóinn en þar eru tegundir eins og mávur, æðarfugl og svartfugl áberandi. Aðrar algengar fuglategundir í Fjarðabyggð eru ýmsir mó- og vaðfuglar. Nokkuð berst af flækingsfuglum á svæðið. Smyrlar og fálkar eru staðfuglar í fjallendi. Lengsta sandfjaran í Fjarðabyggð er Meleyri í minni Breiðdals en hún er um 3 km löng. Við hana er mikið og fjölbreytt fuglalíf

Hreindýr á gangi innanbæjar í Neskaupstað.  
Mynd: Kristín Hávarðsdóttir



og svæðið er á náttúruminjaskrá.

Ofan þéttbýliskjarnanna hefur verið stunduð skógrækt en lítið er um nytjaskógrækt á bújörðum, nema þá helst í Breiðdal. Beitilyng, bláberjalyng, fléttur og mosi eru áberandi í fjallendi Fjarðabyggðar en grastegundir með kjörlendi í vallendi, móum og sandjarðvegi á lág-lendi.

Nokkur friðlönd og fólkvangar draga fram sérstöðu svæðisins og má þar nefna Hólmanes á milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og Norðfjarðarfólkvang utan við Neskaupstað að Norðfjarðarnípu. Skrúður er einstök klettaeyja utan við

Klifbrekkufossar í Mjóafirði.  
Mynd: Marta Magdalena Baginska



Fáskrúðsfjörð með mikilli lunda- og súlubyggð. Eyjan er friðlýst. Eftirsóknarverðar og einstakar náttúru- og útivistarperlur á borð við Oddsskarð og Gerpissvæðið, á milli Reyðarfjarðar og Norðfjarðar, eru í sveitarfélaginu.

Fjarðabyggð og landshlutinn allur hefur þá sérstöðu að þar ganga hreindýr. Vetur, vor og haust má sjá þau í byggð en á sumrin í fjallendi og á Gerpissvæðinu.


Varnargarðar ofan við Neskaupstað.  
Mynd: Kristín Guðmundsdóttir



Fjarðabyggð liggur langt utan eldvirkra svæða og hætta á eldgosum og stórum jarðskjálftum lítil sem engin. Þó nálægðin sé mikil við sjóinn er það einna helst á nokkrum stöðum í Norðfirði og á Eskifirði sem þörf er á vörnum gegn sjávarflóðum og landbroti. Lítil hætta er á hafis (rekis) meðfram Austfjörðum, en lagnaðaris getur myndast á fjörðunum við viss veðurskilyrði.

Þrátt fyrir einstaka fegurð austfirskra fjallasala getur myndast ofanflóðahætta. Samkvæmt ofanflóðahættumati telst stór hluti þéttbýlis á Norðfirði vera á hættu-  
svæði og reist hafa verið mannvirki til varnar snjóflóðum. Á Eskifirði stafar

hætta af aur-, krpa- og vatnsflóðum og unnið hefur verið að því að minnka hættuna með dýpkun árfarvega og bættum frágangi ræsa og brúa. Ekki er talin hætta á snjóflóðum á Fáskrúðsfirði og hætta vegna aurskriða og grjóthruns talin óveruleg. Á næstu árum verður gerð varnarmannvikja gegn ofanflóðum í sveitarfélaginu lokið. Á öðrum þéttbýlisstöðum í Fjarðabyggð er lítil sem engin hætta talin stafa af ofanflóðum.



Uppsetning snjóflóðavarna í Tröllagili ofan við Neskaupstað.  
Myndir: Esther Ósp Gunnarsdóttir

# Samgöngur

Á LANDI

Um sveitarfélagið sunnanvert liggur Þjóðvegur nr. 1 til Reyðarfjarðar og þaðan um Fagradal til Egilsstaða. Þetta þýðir að flestar ferðir til og frá Austurlandi fara í gegnum sveitarfélagið. Flutningabílar aka til og frá Fjarðabyggð alla virka daga á vegum flutningafyrirtækja, pósthjónustu og matvöruverslana.


Um 90% íbúa Austurlands búa í innan við klukkutíma akstursfjarlægð frá Reyðarfirði. Jarðgöng frá Reyðarfirði til Fáskrúðsfjarðar annars vegar og frá Eskifirði til Norðfjarðar hins vegar hafa dregið úr ferðatíma og stórbætt samgöngur á Mið-Austurlandi.

Aksturstími til Reykjavíkur er u.þ.b. sá sami hvort sem farin er norðurleið eða suðurleið, eða um átta klukkustundir. Akureyri er í þriggja og hálfur klukkustundar akstursfjarlægð frá Fjarðabyggð og sumir vinsælustu ferðamannastaðir landsins eru í nokkurra klukkustunda aksturfjarlægð, t.d. Vatnajökulsþjóðgarður

(1,5 klst.), Mývatn (2,5 klst.), Höfn (3 klst.), Húsavík (3,5 klst.) og Jökulsárlón (4 klst.).

Áætlunarferðir strætisvagna tengja saman bæjarkjarna Fjarðabyggðar og jafna möguleika íbúa sveitarfélagsins til atvinnu, náms og afþreyingar. Fjarðabyggð er aðili að Strætó BS sem tengir leiðarkerfi sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög nær og fjær og þá eru áætlunarferðir flugrútu á milli Egilsstaðaflugvallar og bæjarkjarna í Fjarðabyggð.

Gangnamunni Norðfjarðarganga í botni Eskifjarðar.  
Mynd: Bjarki Jóhannsson



Brú á Þjóðvegi nr. 1 við Meleyri í Breiðdal.  
Mynd: Páll Guðmundur Ásgeirsson



Um sveitarfélagið sunnanvert liggur Þjóðvegur nr. 1 til Reyðarfjarðar.  
Mynd: Austurbrú

Á Egilsstöðum, sem er í 30 mínútna akstursfjarlægð frá Reyðarfirði, er innanlands- og millilandaflugvöllur.  
Mynd: Ragnar Th. Sigurðsson



Í Neskaupstað er malarflugbraut sem helst er notuð fyrir sjúkraflug en einnig fyrir ferðaðþjónustuflug.  
Mynd: Fjarðabyggð




Egilsstaðaflugvöllur.  
Mynd: Ingvi Örn Þorsteinsson

Í Neskaupstað er flugvöllur (NOR/BINF) með þjónustustig D, þ.e. landingarstaður án áætlunarflugs en með búnaði og þjónustu samkvæmt beiðni hverju sinni. Um er að ræða 1.112 m langa og 30 m breiða flugbraut sem er fyrst og fremst hugsuð fyrir sjúkraflug umdæmis-sjúkrahúss Austurlands. Völlurinn býður upp á ýmsa möguleika í tengslum við einka-, kennslu- og ferðaðþjónustuflug.

Egilsstaðaflugvöllur er einn af fjórum flugvöllum á Íslandi sem uppfylla kröfur um millilandaflug og er varaflugvöllur fyrir Keflavíkurflugvöll. Völlurinn er í háum gæðaflokki og þar er slökkviliðs- og sjúkraþjónusta. Hann er mjög vel

búinn til allrar vetrarþjónustu og er opinn allan ársins hring. Veður- og aðflugsskilyrði eru mjög góð og áreiðanleiki flugáætlunar er nærri 99%. Það er yfirlýst markmið íslenskra stjórnvalda að reglulegt millilandaflug verði um Egilsstaðaflugvöll í náginni framtíð. Um 50 mínútna flugtími er á milli Egilsstaða og Reykjavíkur en þaðan eru um 50 km til alþjóðlega flugvallarins í Keflavík. Íbúar Fjarðabyggðar falla undir samgöngubót sem nefnist Loftbrú en hún veitir 40% afslátt af áætlunarleiðum innanlands, til og frá höfuðborgarsvæðinu.



Hafnir í Fjarðabyggð gegna mikilvægu hlutverki í samgöngukerfi landshlutans og landsins alls. Fjarðabyggðarhafnir eru næstar á eftir Faxaflóahöfnum í heildarútflutningi vara og er verulegum hluta af fiskafla þjóðarinnar landað í höfnum Fjarðabyggðar. Hafnirnar þjóna líka hlutverki í alþjóðasiglingum með aðföng og afurðir. Hafnirnar eru jafn-

framt vel tengdar vegakerfinu milli byggðakjarnanna og inn á þjóðveg nr. 1. Fjarðabyggðarhafnir þjóna öllum skipum, bátum og öðrum sem um þær eiga leið.

**Norðfjarðarhöfn** er ein stærsta fiskihöfn landsins. Hafnarsvæðið skiptist upp í aðalhöfn annars vegar, innst í firðinum, og bryggjur í miðbæ Neskaupstaðar hins

vegar. Í aðalhöfninni er einnig staðsett stór og skjólgóð smábátahöfn. Bryggjur miðbæjarins þjóna aðallega sem viðlega og dorgveiði- og útsýnisstaðir. Einnig hafa minni farþegaskip haft þar viðkomu. Heildarlengd bryggjukanta á Norðfirði er 992 metrar.

**Eskifjarðarhöfn** er stór fiski- og vöruflutningahöfn þar sem staðsettar eru fimm bryggjur auk smábátahafnar. Þeirra stærst er hafskipabryggjan og á henni eru þrjú viðlegukantar. Móttaka farþegaskipa til Fjarðabyggðar er staðsett í Eskifjarðarhöfn. Nýbyggð 150 metra staurabryggja stendur við athafnasvæði Eskju og nú er heildarlengd bryggjukanta á Eskifirði 959 metrar.

**Mjóeyrarhöfn** er staðsett í norðanverðum Reyðarfirði, mitt á milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. Höfnin, sem er með 380 metra langan bryggjukant, byggðist upp samhliða álveri Alcoa Fjarðaáls. Mjóeyrarhöfn er með stærri vöruflutningahöfnum landsins. Miklir möguleikar eru til aukinnar uppbyggingar og fjárfestinga í hafnsækinni starfsemi við Mjóeyrarhöfn og er hún enn í þróun sem eitt af vaxtarsvæðum sveitarfélagsins fyrir slíka starfsemi. Samkvæmt endurskoðuðu aðalskipulagi er gert ráð fyrir nýju hafnarsvæði austan við álver Alcoa í landi Flateyrar.

**Reyðarfjarðarhöfn** þjónar aðallega sem vöruhöfn. Þrjár megin bryggjur eru á Reyðarfirði sem þjóna aðallega viðlegu ásamt vöruflutningum, þar er einnig staðsett smábátahöfn. Heildarlengd bryggjukanta á Reyðarfirði er 408 metrar.

**Fáskrúðsfjarðarhöfn** er stór fiskihöfn með fjórar megin bryggjur í rekstri, auk



smábátahafnar. Heildarlengd bryggjukanta er 487 metrar. Að auki hefur verið byggð lítil bryggja við safnið *Fransmenn á Íslandi* þar sem skemmtibátar hafa viðlegurými.

**Stöðvarfjarðarhöfn** er vinsæl smábátahöfn staðsett utarlega í Stöðvarfirði. Fjörðurinn er stuttur og þykir því gott að gera út þaðan. Í Stöðvarfjarðarhöfn eru þrjár hafnarkantar; Gamli garður, Nýi garður og ný 52 metra löng trébryggja ásamt smábátahöfn. Heildarlengd bryggjukanta með viðlegurými er um 300 metrar.

**Breiðdalsvíkurhöfn** er einnig vinsæl smábátahöfn staðsett í innanverðri

Breiðdalsvík. Heildarlengd bryggjukanta hafskipabryggju er 112 metrar og auk 58 metra langrar trébryggju og smábátahafnar. Stutt er frá Breiðdalsvíkurhöfn á fiskimið.

**Mjóafjarðarhöfn** er með minnstu höfnum landsins. Í höfninni er hin 20 metra langa Ferjubryggja auk smábátahafnar.

Ferjan **Norræna** siglir vikulega með vörur og farþega milli Seyðisfjarðar, Þórshafnar í Færeyjum og Hirtshals í Danmörku. Milli Reyðarfjarðar og Seyðisfjarðar eru um 59 km.



Þrjú skipafélög eru með áætlunarferðir flutningaskipa um Fjarðabyggðahafnir. Frá Reyðarfirði sigla skipin bæði beint til Evrópu og til ýmissa hafna á Íslandi. Stór fiskiskip eru gerð út frá þremur þéttbýliskjörnum; Neskaupstað, Eskifirði og Fáskrúðsfirði. Fjarðabyggðarhafnir taka einnig á móti farþegaskipum en árið 2008 gerðust Fjarðabyggðarhafnir aðilar að Cruise Iceland og tóku þátt í sameiginlegri markaðssetningu á vegum samtakanna.

# Hafnir og bryggjur

## Mjóifjörður

- » Ferjubryggja, 12 m á lengd og 5 m á dýpt.
- » Höfn og löndunaraðstaða fyrir smábáta.

## Norðfjörður

- » Bryggjukantar eru átta talsins ásamt trébryggju. Dýpi við kantana er 4-10 m. Lengsti kanturinn er 344 m með mesta dýpi 10 m.
- » Höfn og löndunaraðstaða fyrir smábáta.

## Eskifjörður

- » Bryggjukantar eru níu talsins og dýpi við þá er 4-10 m. Lengsti kanturinn er 175 m með mesta dýpi 8 m.
- » Höfn og löndunaraðstaða fyrir smábáta.

## Reyðarfjörður

- » Bryggjukantar eru sex talsins og dýpi við þá er 5-8 m. Lengsti kanturinn er 80 m með mesta dýpi 8,0 m.
- » Höfn og löndunaraðstaða fyrir smábáta.

## Mjóeyrarhöfn

- » Hafskipabryggja, 383 m á lengd og 14,2 m á dýpt.

## Fáskrúðsfjörður

- » Bryggjukantar eru sex talsins ásamt trébryggju og dýpi við þá er 6,5-8 m. Lengsti kanturinn er 131 m með mesta dýpi 7,5 m.
- » Höfn og löndunaraðstaða fyrir smábáta.

## Stöðvarfjörður

- » Bryggjukantar eru sex talsins ásamt trébryggju og dýpi við þá er 6,5-8 m. Lengsti kanturinn er 80 m að lengd með mesta dýpi 6,5 m.
- » Höfn og löndunaraðstaða fyrir smábáta.

## Breiðdalsvík

- » Bryggjukantar eru þrír talsins ásamt trébryggju og dýpi við þá er 6,5-8 m. Lengsti kanturinn er 113 m með mesta dýpi 7,5 m.
- » Höfn og löndunaraðstaða fyrir smábáta.



Smábátahöfn á Fáskrúðsfirði  
Mynd: Fjarðabyggð



Fáskrúðsfjarðarhöfn  
Mynd: Fjarðabyggð



Stöðvarfjarðarhöfn  
Mynd: Fjarðabyggð



Breiðdalsvíkurhöfn  
Mynd: Fjarðabyggð

# Samfélag

Reyðarfjörður.  
Mynd: Ásgeir Metúsalemsson


HÚSNÆÐI  
OG ÍBÚAR




Markmið Fjarðabyggðar er að tryggja stöðugleika og öryggi í húsnæðismálum. Hvatt hefur verið til húsnæðisbygginga með verulegum afslætti eða niðurfellingu gatnagerðargjalds í skipulögðum hverfum með tilbúnum innviðum. Í Fjarðabyggð er um 75% húsnæðis einbýli eða tvíbýli en um 14% með 6 íbúðum eða fleiri (þar af um 6% með fleiri en 13 íbúðir). Reyðarfjörður sker sig úr með hátt hlutfall íbúða í fjölbýlis- og raðhúsum. Meðalstærð íbúða í Fjarðabyggð er um 130 m<sup>2</sup>. Umtalsverð eftirspurn hefur verið eftir húsnæði í sveitarfélaginu en framboð hefur verið einna mest á Reyðarfirði, Eskifirði og í Neskaupstað. Líkt og í mörgum byggðum utan höfuðborgarsvæðisins hefur fasteignaverð verið nokkuð undir byggingarkostnaði.

Leitast er við að tryggja öllum íbúum jafnan aðgang að þjónustu sveitarfélagsins, óháð búsetu, með bættum samgöngum eða með að tryggja þjónustuna sem næst þjónustuþegunum.

## TEGUND ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS



## MANNFJÖLDI EFTIR KYNI OG ALDRI



Byggingaframkvæmdir á Reyðarfirði.  
Mynd: Fjarðabyggð



Sveitarfélagið veitir ýmsa þjónustu sem snýr að almennri velferð íbúa. Upplýsingar, fagleg ráðgjöf og handleiðsla í fjármálum og vegna persónulegra erfiðleika er meðal þeirrar þjónustu sem fjölskyldusvið Fjarðabyggðar veitir.

## Grunn- og leikskólar

Fjórir leikskólar, fimm grunnskólar og tónlistarnám er í boði í allri Fjarðabyggð. Í leikskólunum eru hátt í 300 nemendur á aldrinum eins til sex ára. Almenn komast börn að í leikskólum við eins árs aldur. Rúmlega 700 nemendur eru í grunnskólum Fjarðabyggðar en mikið og gott samstarf er á milli skólanna.

Í Verkmenntaskóla Austurlands er boðið upp á fjölbreytt listnám.  
Mynd: Esther Ösp Gunnarsdóttir



## Framhaldsskólar

Á Austurlandi eru tveir skólar á framhaldsstigi; Verkmenntaskóli Austurlands í Neskaupstað og Menntaskólinn á Egilsstöðum. Fjölbreyttar námsleiðir eru í boði í þessum skólum, bæði verklegar og bóklegar. Einnig er í boði bæði grunn- og viðbótarmenntun fyrir unga jafnt sem aldna. Við Verkmenntaskólann er heima- vist og mótuneyti og ágætis aðstaða í nýlegu verkkenndsluhúsi. Almennings- samgöngur eru í boði fyrir nemendur. Auk þess býður Hallormsstaðaskóli fram sjálfbærni- og sköpunarnám á 4. hæfni- þrepi.



**VELFERÐ OG  
MENNTUN**

Nokkrar iðn- og verkgreinabrautir standa nemendum við Verkmenntaskóla Austurlands til boða, m.a. í vélvirkjun, málm- og véltækni.  
Mynd: Esther Ösp Gunnarsdóttir

## Önnur menntun

Austurbrú ses. sinnir þverfaglegri þjónustu tengdri atvinnulífi, menningu og menntun. Þannig býður Austurbrú úrval námskeiða í fullorðinsfræðslu, þjónar fjarnemum háskóla landsins auk þess að veita námsráðgjöf og raunfærni- mat. Austurbrú kemur jafnframt að gerð fræðsluáætlana fyrir fyrirtæki og stofnanir. Stofnunin er með starfsstöðvar

á Reyðarfirði og í Neskaupstað en þar er aðstaða til að sinna námi og taka próf. Þá er í undirbúningi opnun háskólaútibús þar sem boðið verður upp á grunnám í hagnýtri iðnaðartæknifræði. Stofnun Rannsóknasetra Háskóla Íslands rekur tvær starfsstöðvar á Austurlandi; á Breiðdalsvík þar sem lögð er megin- áhersla á jarðvísindi og málvísindi og á Egilsstöðum þar sem áhersla er lögð á samspils manns og náttúru.

MENNING



Eistnaflug er þungarokkshátíð sem haldin er í kringum fyrstu helgina í júlí í Neskaupstað  
Mynd: Helga Kvam

Í Fjarðabyggð er blómlegt menningarlíf sem hefur orðið öflugra á seinni árum með tilkomu sjálfstætt starfandi listamanna, menningarhátíða og viðburða, opinberra menningarmiðstöðva og almennrar vitundarvakningar um mikilvægi menningarlífs fyrir samfélagið.

Sveitarfélagið veitir styrki til menningarmála einu sinni á ári og þá geta listamenn einnig sótt um styrki í Uppbyggingarsjóð Austurlands.

Í landshlutanum eru þrjár menningarmiðstöðvar sem hver um sig sinnir alhliða menningarstarfsemi en húsin sérhæfa sig jafnframt á ákveðnu sviði menningar. Í Fjarðabyggð er Tónlistarmiðstöð Austurlands og árið 2017 var stofnuð Menningarstofa Fjarðabyggðar sem sinnir margvíslegum verkefnum. Gott aðgengi er að sölum fyrir smærri fundi, ráðstefnur og til sýninga- og tónleikahalds.

## Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði

Miðstöðin býður upp á vinnustofudvöl fyrir listamenn og hýsir fjölbreyttan hóp lista- og tónlistarfólks hvaðanæva að úr heiminum á ári hverju. Góð og fjölbreytt aðstaða er þar fyrir listafólk til að vinna og ýmis konar verkstæðum hefur verið komið upp, t.d. trésmíða-, járnsmíða-, keramik- og prentverkstæði auk hljóðvers.

## Söfn og gallerí

Safnastofnun Fjarðabyggðar hefur umsjón með safna- og menningarmálum sveitarfélagsins. Safnakostur Fjarðabyggðar spannar allt frá almennum bókasöfnum að margs konar byggðatengdum söfnum sem geyma sögu sveitarfélagsins hvert með sínu móti, náttúrugripasöfnum og myndlistarsöfnum svo eitthvað sé nefnt. Þá eru nokkur gallerí í sveitarfélaginu en þekktast þeirra er Gallerí Snærós á Stöðvarfirði.



Stúdíó Síló í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði.  
Mynd: Esther Ösp Gunnarsdóttir

## Menningar- og bæjarhátíðir


Í Fjarðabyggð eru haldnar nokkrar stórar menningarhátíðir sem hafa vakið mikla athygli um land allt. Bæjarhátíðir hafa verið haldnar um langt skeið á nokkrum stöðum, t.d. Franskir dagar á Fáskrúðs-firði, Neistaflug í Neskaupstað, Útsæðið á Eskifirði og Hernámsdagurinn á Reyðarfirði. Nokkrir menningarviðburðir eru haldnir í landshlutanum í heild, s.s. BRAS - Barnamenningarhátíð á Austurlandi og Dagar myrkurs. Vetrarhátíðin Austurland Freeride Festival með aðalvettvang á skíðasvæðinu í Oddsskarði hefur fest sig í sessi, sem og Tæknidagur fjölskyldunnar sem er haldinn árlega í Neskaupstað þar sem vakinn er athygli á viðfangsefnum tækni og vísinda í nærsamfélaginu.

## Félög um listir og menningu

Að minnsta tvö virk leikfélög eru í Fjarðabyggð og um árabíl hefur tónlistarklúbburinn BRJÁN í Neskaupstað starfað. Listasmiðja Norðfjarðar á sér einnig langa sögu. Sinfóníuhljómsveit Austurlands er nýstofnuð og gerir að mestu út frá Fjarðabyggð en í henni er fjöldi tónlistarmanna úr sveitarfélaginu og víðar. Þá starfa kórar víða í sveitarfélaginu, flestir sem hluti af kirkjustarfi.

Sinfóníuhljómsveit Austurlands kemur fram, ásamt karlakórnum Ármönnum, Drífanda, Jökli og Stigamönnum á tónleikum í Tónlistarmiðstöð Austurlands á Eskifirði.  
Mynd: Sebastian Ziegler

Úr vinnurými listamanna í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði.  
Mynd: Esther Ösp Gunnarsdóttir



# Félagsstarf

ÍÞRÓTTIR



Aðstaða til íþróttaiðkunar í Fjarðabyggð er góð og í Neskaupstað er t.a.m. stór gervigrasvöllur.  
Mynd: Jóhann P. Þórðarson



Blakíþróttin á sér langa sögu í Neskaupstað og hana má stunda undir berum himni á góðviðrisdögum.  
Mynd: Hrafnhildur Þórarinsdóttir

Í Fjarðabyggð er lögð mikil áhersla á útivist og hreyfingu allan ársins hring. Á veturna nýtur útivistarfolk lífsins í Oddsskarði, einu besta skíðasvæði landsins, og hafa skíða- og brettafélög Fjarðabyggðar þar aðstöðu.

Góð íþróttamannvirki eru til staðar fyrir öflugt íþróttastarf sem rekið er í sveitarfélaginu og eru félög starfandi í flestum almennum íþróttagreinum. Vel útbúin íþróttahús með líkamsræktarstöðvar eru í bæjarkjörnum. Þá eru fimm sundlaugar í sveitarfélaginu, þrjár golfvöllir, reiðhöll og knattspyrnuhöll, svo eitthvað sé nefnt.

Íþróttafélög eru í hverjum þéttbýliskjarna. Starfsemi stærstu félaganna er býsna fjölbreytt og innan sumra féлага eru reknar nokkrar deildir. Áherslur eru nokkuð mismunandi eftir félögum, þannig er t.d. æfð glíma á Reyðarfirði og blakíþróttin hefur átt miklum vinsældum að fagna á Norðfirði. Þá hefur ávallt verið mikill áhugi á skíðaíþróttinni enda frábær aðstaða til iðkunar í Fjarðabyggð.

## Góðgerðarfélög og íbúasamtök

Í Fjarðabyggð starfa deildir Rauða krossins í hverjum bæjarkjarna. Kvenfélög eiga sér langa sögu á Austfjörðum og hafa sinnt ýmsum góðgerðar- og samfélagsmálum. Ýmis konar alþjóðleg mannúðar- og góðgerðarsamtök eru starfandi í Fjarðabyggð, s.s. Lions og Rotary en eru þó misvirk eins og gengur. Íbúasamtök hafa orðið til í byggðakjörnum eftir sameiningu Fjarðabyggðar. Þessi samtök fjalla um málefni sem brenna á hverjum kjarna fyrir sig og geta virkað sem þrýstihópur.

## Björgunarsveitir

Fimm björgunarsveitir eru í Fjarðabyggð. Þær eru vel tækjum búar og í gegnum árin hefur mikil staðbundin þekking byggst upp sem er ómetanleg þegar kemur að björgunarstarfi í og við Austfirði. Sumar sveitanna halda einnig úti ungmennastarfi.

## Ferðafélög

Í sveitarfélaginu starfa tvö ferðafélög, Ferðafélag fjarðamanna og Göngufélag Suðurfjarða, en að þeim stendur áhuga-fólk um hreyfingu og útvist. Þau gefa út göngukort, halda úti göngudagskrá á hverju ári og reka gistiskála. Auk þess skipuleggur Ferðafélag fjarðamanna, í samstarfi við Ferðapjónustuna á Mjóeyri, göngu- og gleðivikuna Á fætur í Fjarðabyggð sem fer fram í júní ár hvert. Þá er gengið á helstu fjallstinda í Fjarðabyggð.

## Annað félagsstarf

Að auki fer fram fjölbreytt starf félaga eldri borgara og safnaða, skógræktarfélög eru virk á nokkrum stöðum og nokkrir stjórnaráflokkar halda úti reglu-bundinni starfsemi, svo eitthvað sé nefnt.



Fimm björgunarsveitir eru starfandi í sveitarfélaginu.  
Mynd: Björgunarsveitin Geisli á Fáskrúðsfirði.

# Þjónusta

OPINBER



**Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA)** sinnir heilbrigðisþjónustu á Austurlandi, á alls um 16.200 ferkílómetra svæði, allt frá Bakkafirði til Álftafjarðar, frá hálendi til strandar. Hlutverk HSA er að veita aðgengilega og eftir megni samfellda og alhliða heilbrigðisþjónustu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar, sem og almenna sjúkráhusþjónustu.

**Umdæmissjúkrahús Austurlands** er í Neskaupstað. Þar er rekin skurðstofa og fæðingardeild auk heilsugæslustöðvar en þær eru líka á Reyðarfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði. Á Stöðvarfirði og Breiðdalsvík er heilsugæslusel. **Hjúkrunar-rými** fyrir aldraða eru í Neskaupstað, á Eskifirði og Fáskrúðsfirði.

Umdæmi **lögreglustjórans á Austurlandi** er viðfeðmt með sex starfsstöðvar. Aðalstöð lögreglunnar er á Eskifirði en auk þess eru stöðvar á Egilsstöðum, Fáskrúðsfirði, í Neskaupstað, á Djúpvogi og Vopna-

firði. Rannsóknardeild er á Fáskrúðsfirði sem sinnir öllu starfssvæðinu.

Austurland er eitt **sýslumannsumdæmi**. Sýslumaður hefur aðsetur á Seyðisfirði en sýsluskrifstofur eru á Vopnafirði, Eskifirði og Egilsstöðum. Héraðsdómur Austurlands er á Egilsstöðum og umdæmi hans spannar öll sveitarfélögin á Austurlandi auk sveitarfélagsins Hornafjarðar.

**Slökkvilið Fjarðabyggðar** er eitt fárra atvinnuslökkviliða utan höfuðborgarsvæðisins og er með höfuðstöðvar við Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði. Að auki eru útstöðvar á Norðfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og í Breiðdal en á þessum stöðum er ekki dagleg starfsemi. Fastalið slökkviliðsins telur um 70 manns. Auk slökkvistarfa og eldvarnareftirlits sér slökkviliðið um alla sjúkraflutninga í Fjarðabyggð og eru bæði slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn á sólarhringsvakt.

Tilgangur **Mátis** er m.a. að efla nýsköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu á alþjóðlegum vettvangi. Hún er með starfsstöð í Neskaupstað sem sinnir þjónustumælingum fyrir fiskvinnslu og útgerðarfyrirtæki, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Fjarðaál og Landsvirkjun.

Í Fjarðabyggð er rekið eitt fárra atvinnuslökkviliða á landsbyggðinni.  
Mynd: Slökkvilið Fjarðabyggðar



**Náttúrustofa Austurlands** er lykilstofnun fyrir fræðslu, náttúruvernd og umhverfisvernd á Austurlandi. Hún rekur tvær skrifstofur, eina í Neskaupstað og aðra á Egilsstöðum.

**RARIK** annast orkudreifingu í flestum sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins og er með starfsstöð á Egilsstöðum, í Neskaupstað og á Fáskrúðsfirði.

**Hafrannsóknastofnun**, stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsóknar, er með starfsstöð í Neskaupstað sem leggur áherslu á verkefni er tengjast fiskafla við Austfirði og fiskeldi.

**Vegagerð ríkisins** hefur umsjón með þjóðvegum landsins. Höfuðstöðvar hennar á Austurlandi eru á Reyðarfirði.



## STÆRSTU VINNUVEITENDUR Í FJARÐABYGGÐ

Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu starfsfólks meðal stærstu vinnuveitenda sveitarfélagsins.

Við byggingu álvers Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði og Fljótsdalsstöðvar í Fljótsdalshreppi voru nokkur fyrirtæki á Austurlandi endurskipulögð þannig að þau gætu þjónað stórum atvinnurekendum. Þetta hefur leitt til uppbyggingar þjónustuiðnaðar á svæðinu þar sem finna má þjónustuaðila á flestum sviðum.

Öll helstu tryggingafélög, verkfræðistofur, endurskoðunarskrifstofur og bankar reka útibú í Fjarðabyggð. Starfsmenn hafa einnig aðgang að sterkum

stéttarfélögum sem geta leiðbeint þeim um réttindi sín. Verktakafyrirtæki í jarðvinnu og byggingariðnaði á svæðinu geta sinnt verkefnum af öllum stærðum og verkstæði á staðnum geta þjónustað flestar gerðir bíla og véla.

Lágvörverslun og bakarí er á Reyðarfirði og önnur dagvörverslun er á öðrum þéttbýlisstöðum. Í Fjarðabyggð má einnig finna góða útivistarverslun, ýmis konar sérvörverslanir, kaffihús og veitingastaði.

# Vinnumarkaður

VINNUAFL



Íbúar í Fjarðabyggð eru ríflega 5.200 talsins og þar af eru um 950 erlendir ríkisborgarar. Áætlaður fjöldi á vinnumarkaði í Fjarðabyggð í lok árs 2020 var um 2.990 manns. Íbúafjöldinn hefur haldist nokkuð stöðugur undanfarin ár. Í flestum aldurshópum eru karlar fleiri en konur en munurinn hefur minnkað nokkuð á síðustu tíu árum.

Ef borið er saman við árið 2011 kemur í ljós að hlutfall íbúa á fertugsaldri er fremur lágt og sú er einnig raunin með fólk á fimmtugsaldri tíu árum síðar. Þá eru hlutfallslega fleiri í eldri aldurshópnum í dag en voru 2011. Hlutfall eldra fólks er hæst á Stöðvarfirði og Breiðdalsvík. Sé miðað við landið í heild er hlutfall fólks á aldrinum 25-29 ára lægra í Fjarðabyggð en á landsvísu.

Meginstoðir atvinnulífs í samfélaginu eru útgerð, vinnsla sjávarafurða og álframleiðsla. Óhætt er að fullyrða að sjávarútvegurinn sé helsta atvinnugreinin í

Fjarðabyggð og það hefur haldist þótt Alcoa Fjarðaál sé núna stærsti einstaki vinnustaðurinn í sveitarfélaginu.

Styrkur Fjarðabyggðar liggur í nálægð við ein gjöfulustu fiskimið heims fyrir uppsjávarfisk, þ.e. sild, loðnu og kolmunna. Einnig eru ágæt mið fyrir þorsk og aðrar botnfisktegundir. Í Fjarðabyggð er mikill kvóti í uppsjávarfiski, öflug útgerð smábáta, togara, sildar- og loðnuskipa, góð þekking á veiðum og vinnslu, gott vinnuafli, öflug og nútímaleg sjávarútvegsfyrirtæki og afkastamiklar fiskimjölverksmiðjur. Í Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði eru aðstæður til fiskeldis í sjókvíum góðar og fiskeldi er þegar hafid í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði.

Stærsti einstaki vinnustaðurinn í Fjarðabyggð er Alcoa Fjarðaál.  
Mynd: Alcoa Fjarðaál



Skip landa í Norðfjarðarhöfn.  
Mynd: Kristín Hávarðsdóttir




Í Verkmenntaskóla Austurlands í Neskaupstað er Fab Lab smiðja sem er vettvangur til nýsköpunar. Smiðjan er búin tölvustýrdum tækjum og tólum til að gera frumgerðir og efla þekkingu á stafrænni framleiðslutækni.  
Mynd: Esther Ösp Gunnarsdóttir



## MENNTUNARSTIG VINNUAFLS Í FJARÐABYGGÐ



MENNTUN



Menntunarslag samfélagsins var greint síðast árið 2013 og getur gefið vísendingar um hvernig menntun á vinnu- markaðnum er í dag.

Árið 2013 höfðu 14% íbúa, 16 ára og eldri, lokið háskólaprófi. 37% höfðu lokið námi í framhaldsskóla; stúdentsprófi, tæknimenntun eða sambærilegu.

# Tækifærin í Fjarðabyggð

SAMFÉLAG  
OG INNVIÐIR



Fjarðabyggð leggur metnað sinn í að skapa framúrskarandi umgjörð utan um atvinnulífið í sveitarfélaginu. Áhersla er lögð á að samskipti við atvinnulífið séu góð og að kjörnir fulltrúar sveitarfélagsins séu upplýstir um þarfir þess í sibreytilegu umhverfi.

Sveitarfélagið Fjarðabyggð býr að því að hafa gengið í gegnum miklar samfélagsbreytingar á síðustu fimmtán árum í kjölfar gríðarlegs uppbyggingartímabils þar sem íbúar og stofnanir samfélagsins sýndu fádæma aðlögunarhæfni. Samfélagið býr að þessari reynslu og tekur fagnandi á móti nýjum íbúum, fyrirtækjum og fjárfestum.

Fjarðabyggð er í tíunda sæti yfir fjölmennustu sveitarfélög landsins og eins og komið hefur fram í fyrri köflum er sveitarfélagið einstaklega kraftmikið og fjölbreytt þegar kemur að atvinnulífinu. Það byggir einkum á útflutningi sjávarafurða útgerðanna, afurða frá fiskeldi og

framleiðslu áls. Þá hafa skapast fjölmörg störf í afleiddum þjónustugreinum. Að auki eru öflugar stofnanir á svæðinu, s.s. umdæmissjúkrahús og framhaldsskóli og þá eru Fjarðabyggðarhafnir stærsta fiskihöfn landsins. Þeirri starfsemi fylgja mikil umsvif fyrir sveitarfélagið og höfnin er ein fárra á landinu sem rekin er án ríkisstyrkja. Saman myndar þetta öfluga heild og góðan grunn fyrir rekstur sveitarfélags, atvinnutekjur eru háar og meðaltekjur útsvars eru með því hæsta sem gerist á landinu.

Í grunninn er því Fjarðabyggð mjög sterk fjárhagslega og mun halda áfram uppbyggingu grunnstoða og innviða svo samfélagið sé vel í stakk búið til að mæta framtíðinni.

Nægt lóðaframboð er í Fjarðabyggð, bæði fyrir íbúðahúsnæði og uppbyggingu iðnaðar og annarrar atvinnustarfsemi. Lóðirnar eru ókeypis með hóflegum gatnagerðargjöldum nema í þeim tilvikum sem sveitarfélagið þarf að útbúa þær sérstaklega en þá hefur verið innheimt innviðagjald. Bæjarstjórn er tilbúin að skoða breytingar á skipulagi sé þess þörf.

Þá má geta þess að hafi fólk í huga að byggja sér íbúðarhúsnæði hefur verið veittur á bilinu 75-100% afsláttur af gatnagerðargjöldum síðustu ár, enda hefur verið fjárfest töluvert í gatnagerð síðastliðin fimmtán ár og mikill vilji hjá sveitarfélaginu að innviðirnir séu nýttir af íbúum.

Það eru því spennandi möguleikar fyrir fjárfesta og nýja íbúa til uppbyggingar samfélagsins í Fjarðabyggð.

Séð yfir Reyðarfjörð.  
Mynd: Páll Guðmundur Ásgeirsson



Nokkur af öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins eru í Fjarðabyggð og hafa þau öll skilað miklum hagnaði á síðustu árum og áratugum. Hafnarsjóður hefur markvisst verið nýttur til uppbyggingar og endurnýjunar á hafnarmannvirkjum. Í Fjarðabyggð eru fullkomin hátæknifrystihús og hafnarstarfsemi. Í kringum umfangsmikinn og háþróaðan sjávarútveg skapast mörg tækifæri fyrir fullvinnslu á afla og í tengdum þjónustugreinum, enda krefst sjávarútvegurinn mikillar þjónustu.

Mannauður sjávarútvegs í Fjarðabyggð mun eflast enn frekar á næstu árum. Fjórða iðnbyltingin hefur hafið innreið sína og tæknivæðing í sjávarútvegi mun eingöngu færast í aukana. Færri hendur þarf til vinna afurðirnar en sífellt meiri

krafa er gerð um að vinnuaflíð sé reiðubúið að takast á við flókin verkefni. Vel menntað starfsfólk mun leika lykilhlutverk í vexti sjávarútvegsfyrirtækja í Fjarðabyggð á næstu árum og fjárfestingar í nýrri tækni verða miklar.

Fullvinnsla sjávarfangs til manndis er að aukast og tækifærin eru mörg. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar á síðustu árum sem leitt hafa af sér nýja vinnslu, s.s. framleiðslu á nasli úr sjávarafurðum og mögulega fullvinnslu lýsis úr rauðátu.

Sjávarútvegurinn í Fjarðabyggð er framsækinn og þróaður, innviðirnir traustir og fulltrúar sjávarútvegsfyrirtækja ávallt reiðubúnir í samtal og samstarf við hugmyndaríka frumkvöðla og fjárfesta.

Laxeldi við Gripalda í Reyðarfirði.  
Mynd: Laxar



**SJÁVARÚTVEGUR  
OG FISKELDI**

Gunnar Bogason við störf á Berki NK.  
Mynd: Guadalupe Laiz

Helsti vaxtarbroddur atvinnulífsins á Austfjörðum tengist auknu fiskeldi. Góðar aðstæður eru til fiskeldis í Fjarðabyggð og sterkir innviðir samfélagsins hafa greitt fyrir öflugri uppbyggingu greinarinnar á síðustu árum. Sveitarfélagið hefur markað sér skýra stefnu fyrir fiskeldi á grunni sjálfbærrar nýtingar og verndar auðlinda á haf- og strandsvæðum. Einnig er mörkuð stefna fyrir landnotkun iðnaðar- og athafnasvæðis vegna nýtingar hafsvæða og verndar fyrir Gerpissvæðið. Sveitarfélagið fagnar starfseminni sé varúðar gætt, uppbyggingin í sátt við aðrar atvinnugreinar og

í samræmi við áætlanir íbúa um jákvæða uppbyggingu samfélagsins í Fjarðabyggð.

Gert er ráð fyrir allt að 30.000 tonna framleiðslu samkvæmt áhættumati Hafrannsóknarstofnunnar sem getur skapað 300 til 400 ný störf, auk afleiddra starfa, á næstum árum. Þetta er sambærilegt við fjölgun starfa í Fjarðabyggð í tengslum við stóriðjuuppbyggingu fyrr á öldinni og ljóst að íbúum mun að sama skapi fjölga og eftirspurn eftir þjónustu, vörum og húsnæði aukast.

## ÍÐNAÐUR



Í sveitarfélaginu er löng saga um starfsemi öflugra iðnfyrirtækja og um áratugaskeið hefur verið búið upp á iðnnám í Neskaupstað. Í dag starfar fjöldi iðnfyrirtækja í sveitarfélaginu á ýmsum sviðum og fjöldi reyndra og menntaðra iðnaðarmanna býr á svæðinu.

Stærsta iðnfyrirtækið í sveitarfélaginu er Alcoa Fjarðaál á Reyðarfirði sem hóf rekstur árið 2007 en álverið er það stærsta á Íslandi og framleiðslugeta þess er allt að 360 þúsund tonn af áli á ári. Það segir

sína sögu um innviðina að fyrirtækið hafi ákveðið að reisa verksmiðjuna í sveitarfélaginu. Þótt ýmsir ytri þættir hafi haft áhrif, s.s. lágt orkuverð, höfðu ýmsir staðbundnir innviðir mikið að segja, t.d. hæft starfsfólk sem búsett var á svæðinu, sterk þjónustufyrirtæki, góðar samgöngur, stöðugleiki og öflugar stofnanir samfélagsins. Álver af þessari stærðargráðu krefst mikils og hefur ýmis tengd þjónusta vaxið samhliða í Fjarðabyggð á síðustu árum.

Þá má geta þess að Fljótsdalshérað (nú hluti Múlaþings) og Fjarðabyggð voru í sameiningu valin sem heppilegasti staðurinn á Íslandi til að þjónusta olíuleit í Norður-Íshafi vegna flugvallarins, iðnaðarhafna, þjónustu-iðnaðar, lítillar hættu á náttúruhamförum og góðra lífskjara.

Vöxtur ferðaþjónustu hefur verið mikill á síðustu árum í Fjarðabyggð. Öflugir aðilar hafa á síðustu árum byggt upp metnaðarfull fyrirtæki, gistiplássum hefur fjölgað, úrval afþreyingar farið vaxandi og samvinna innan greinarinnar hefur stóraukist. Þá hefur fólki sem hefur ferðaþjónustu að aðalstarfi fjölgað og fagmennska eykst stöðugt.

Tækifæri atvinnugreinarinnar eru mikil í sveitarfélaginu og nýtur það nálægðar við flugvöllinn á Egilsstöðum, stórbrötna náttúru og sífellt betri samgangna innan sveitarfélagsins. Þá hefur Austurland aukið hlut sinn í ferðamennsku á landsvísu umtalsvert síðastliðin ár.

söfnin í Fjarðabyggð, markaðssetja þau með markvissari hætti og eftir atvikum stækka þau og endurnýja safnakostinn. Þá eru heilmikil tækifæri í tengslum við aukna vetrarferðaþjónustu en sveitarfélagið statar af frábæru skíðasvæði í Oddsskarði á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Þetta er stærsta skíðasvæði Austurlands og þar er að finna einstakar göngu- og skíðaleiðir og magnaða útsýnisstaði. Fjölmarginir möguleikar eru á betri nýtingu svæðisins og bættri þjónustu, t.d. með því að nýta svæðið yfir sumartímann fyrir iðkun annarra íþróttar eins og fjallahjólreiða.



Unnin hefur verið ferðamálastefna Fjarðabyggðar þar sem helstu markmið sveitarfélagsins eru tilgreind. Í stefnunni er kveðið á um áframhaldandi markaðssetningu Fjarðabyggðarhafna fyrir farþegaskip en öflug höfn á Eskifirði, sem er megin áfangastaður farþegaskipa í Fjarðabyggð, getur tekið á móti fleiri skipum. Um er að ræða fleiri þúsund gesti sem kæmu á land og þarf að tryggja að þessi hópur njóti alls þess sem Fjarðabyggð getur boðið upp á, m.a. afþreyingar, matarmenningar, náttúru og sagnaarfs.

Randulfs-sjóhús á Eskifirði.  
Mynd: Kolbrún Kristjánsdóttir



Safnaflóran er fjölbreytt í Fjarðabyggð og gegnir mikilvægu hlutverki í móttöku gesta. Fjölþögn tækifæri eru þó til að efla

Fólki sem hefur ferðaþjónustu að aðalstarfi hefur á síðustu árum fjölgað og fagmennska eykst stöðugt.  
Mynd: Daniel Byström





## SAMVINNA SVEITARFÉLAGA



Sveitarfélögin á Austurlandi eiga gott samstarf sín á milli og samvinnan veitir tækifæri til að bjóða upp á fjölbættari þjónustu og nýta innviði og styrkleika hvers bygðalags betur.

Í því samhengi má geta þess að árið 2013 voru Fjarðabyggð og sveitarfélagið sem þá hét Fljótsdalshérað (nú Múlaþing) metin í sameiningu sem staðsetning fyrir þjónustumiðstöð oliuleitar á Norður-Íshafi ásamt öðrum svæðum á Íslandi. Svæðið hlaut hæstu einkunn (92 stig af 100 mögulegum). Svæðin næst á eftir hlutu 83 og 57 stig.

Þeir þættir sem lagðir voru til grundvallar voru hafnir, flugvelli, vegasamgöngur, iðnaðarsvæði, samfélag, þjónusta og lítil hætta á náttúruhamförum.



## LANDBÚNAÐUR



Með talsverðri einföldun mátti segja að Fjarðabyggð hafi orðið að landbúnaðarsamfélagi þegar Breiðdalshreppur varð hluti af sveitarfélaginu árið 2018. Sveitin í Breiðdal er grösug, fjöll og heiðar nýtast til beitar sauðfjár og þar er að finna öflugustu sauðfjárræktina í sveitarfélaginu. Í Breiðdal eru að auki tvö kúabú. Þá hefur fullvinnsla á matvælum vakið mikla athygli þar sem heimamenn vinna metnaðarfulla matvöru úr afurðum svæðisins, m.a. hágæða bjór og ýmis konar kjötvörur í vottuðu vinnslueldhúsi á Breiðdalsvík.

Tækifæri í skógrækt hafa einnig skapast í Breiðdal og á næstu árum munu erlend samtök fjármagna skógrækt þar á bænum Ormsstöðum þar sem Skógræktin á land. Fyrirtæki sýna ræktun skóga sífellt meiri áhuga en þau geta lækkað skattstofn sinn með aðgerðum til kolefnisjöfnunar, m.a. með því að stunda skógrækt. Í Breiðdal og víðar í Fjarðabyggð er nóg pláss fyrir frekari skógrækt og bindingu kolefnis.

Þóroddur Júlíusson rekur bú og ferðaþjónstu á Skorrastað í Norðfirði.  
Mynd: Jessica Auer

Menningarlífið í Fjarðabyggð á sér langa sögu í sveitarfélögunum og um áratuga-skeið hafa starfað kórar, leikfélög, hljómsveitir og listasmiðjur svo eitthvað sé nefnt þótt vissulega hafi starfsemi verið misvirk. Sjálfstæðir listamenn hafa líka starfað í Fjarðabyggð og hefur aðstaða til listiðkunar batnað til muna á síðustu árum. Má þar helst nefna hágæða hljóðver sem sett hefur verið upp í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði

en þar hefur líka verið komið upp verk-stæðum sem bjóða upp á ýmsa möguleika og eru opin öllum gegn vægu gjaldi. Þá er líka boðið upp á vinnustofudvöl fyrir listafólk á Stöðvarfirði og raunar víðar í sveitarfélaginu, m.a. í Neskaupstað og á Eskifirði. Það eru því tvímæla-laust mörg tækifæri fyrir fólk að iðka sína list í Fjarðabyggð, aðstaðan er fyrir hendi, fjarðaumhverfið stórfenglegt og áreitið lítið.



Mikil vakning hefur verið á síðustu árum á Íslandi í mannrækt. Hafa ýmsir straumar ratað austur og stofnuð hafa verið fyrirtæki sem sinna þessari eftirspurn. Opnaðar hafa verið stofur sem sinna andlegri og líkamlegri endurhæfingu og meðferð af ýmsu tagi, s.s. fjölskyldu-ráðgjöf, sjúkraþjálfun og kiropraktík. Með aukinni vitund um mikilvægi góðrar heilsu mun eftirspurnin eftir fjölbreyttum úrræðum einungis aukast á komandi árum.

Þá eru mörg ónýtt tækifæri í menntastarfsemi í sveitarfélaginu. Boðið er upp á aðstöðu fyrir háskólanema til að vinna að lokaverkefnum. Sérþekking á ákveðnum sviðum er mikil í Fjarðabyggð sem m.a. verður nýtt við framkvæmd náms í hagnýtri iðnaðartæknifræði í háskólaútbúi á Austurlandi sem hófst með kennslu í frumgreinadeild haustið 2021.



Í Fjarðabyggð er boðið upp á fjölbreytt úrval heilsuræktar. Hér fer jóगतími fram á bryggju í Neskaupstað.  
Mynd: Rhombie Sandoval

Múlinn samvinnuhús er 900 m<sup>2</sup> hús í Neskaupstað sem áður hósti verslun en sameinar nú fjölbreytta starfsemi stofnana og fyrirtækja, skrifstofurými og rannsóknastofur.  
Myndir: Kristinn Magnússon



Með sífellt öflugri fjarskiptatækni og betri almennri kunnáttu á ýmis konar samskiptahugbúnað fjölgar tækifærum fyrir störf án staðsetningar og raun fátt sem hindrar að fjölmargar tegundir starfa geti blómstrað á Austurlandi.

Í þessu samhengi er rétt að vekja athygli á húsnæði í Neskaupstað sem gengur undir heitinu *Múlinn - samvinnuhús*. Það hefur verið sérhannað og byggt til að hýsa skrifstofuklasa og þjónar hlutverki miðstöðvar nýsköpunar í Fjarðabyggð.

Viðar í sveitarfélaginu er að finna skrifstofuhúsnæði og aðra innviði sem henta vel til fjarvinnu ýmis konar. Gestaíbúðir eru í flestum byggðakjörnum og vinnustofur fyrir listamenn, þær stærstu á Stöðvarfirði.

Í sveitarfélaginu hefur þeim íbúum fjölgað á síðustu árum sem fjarvinna hjá fyrirtækjum og stofnunum sem hafa sínar aðalstarfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu eða jafnvel erlendis. Einn þeirra er tölvunarfræðingurinn Guðmundur Harðarson.



Guðmundur Harðarson  
starfsmaður Icelandair

*Fjarvinnan hefur gengið mjög vel eftir að við fluttum austur. Ég er með aðstöðu utan heimilisins og það er lyklatríði. Ég er þar innan um einyrkja og annað fólk í fjarvinnu, get þannig átt í beinum samskiptum við annað fólk, fengið mér kaffi, spjallað um daginn og veginn og þess háttar.*

*Ég veit um fólk í „blandaðri“ fjarvinnu, þ.e. sem býr e.t.v. á Selfossi eða Akranesi, en vinnur í Reykjavík nokkra daga í hverri viku. Ég fjarvinn öll mín verkefni alfarið héðan frá Fáskrúðsfirði og það hefur reynst prýðilega. Ég get ekki séð að það myndi breyta nokkru fyrir mig að fara suður í hverri viku. Mér dugar að fara nokkrum sinnum á ári.*

*Fyrir okkur fjölskylduna var þetta svo mjög jákvæð breyting. Húsnæðið fyrir austan er margfalt ódýrara en fyrir sunnan og það skipti miklu máli fyrir okkur. Ég er því nokkuð viss um að fjarvinna mun verða algengari á næstu árum enda er það mikið frelsi að geta valið sér búsetu óháð staðsetningu fyrirtækisins sem þú vinnur hjá.*

Framundan er risavaxið verkefni á Íslandi og í heiminum öllum er snýr að orkuskiptum. Þjóðir heims hafa skuldbundið sig til að draga úr losun óæskilegra efna út í andrúmsloftið og heimurinn allur leitar nú lausna til að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir umhverfisvæna orkugjafa og finna hagkvæmar lausnir til framleiðslu þeirra.

Rafbílum hefur fjölgað mikið undafarin ár sem ákjósanlegur kostur fyrir almenning en rafmagn mun ekki henta sem orkugjafi á öllum sviðum. Finnar þarf aðrar lausnir fyrir ýmis stærri tæki, s.s. flutningabíla, skip og flugvélar og þar kemur vetni sterkt inn sem fýsilegur orkugjafi enda ein hreinasta afurð sem völ er á.

Grunnur hins græna orkugarðs sem hugmyndir eru uppi um á Reyðarfirði er framleiðsla á vetni. Við framleiðslu þess falla til hliðarafurðir, s.s. súrefni og heitt vatn sem önnur fyrirtæki geta nýtt og þannig skapað mikil verðmæti í hringrásarhagkerfi í Fjarðabyggð. Verkefnið gæti spilað stórt hlutverk í að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar um orkuskipti.

Ekki er tilviljun að Fjarðabyggð sé einn af þeim kostum sem horft er til þegar valin er staðsetning fyrir svona verkefni. Í sveitarfélaginu eru öflugir innviðir, hvort sem horft er til hafnarmannvirkja, vatnsveitu eða annarra þátta. Í því er líka fjöldi öflugra og framsækinna fyrirtækja sem mörg hafa átt í samtali við Fjarðabyggð um tækifærin sem felast í grænum orkugarði. Íbúar eru auk þess vanir að takast á við verkefni af slíkri stærðargráðu.

Stefna Fjarðabyggðar er að verða miðstöð framleiðslu grænnrar orku á Íslandi og leggja þannig sitt af mörkum í því risavaxna verkefni sem bíður í orkuskiptum.





FJARDABYGGD.IS  
VISITFJARDABYGGD.IS  
AUSTURLAND.IS

## Frekari upplýsingar

Á vef Fjarðabyggðar má finna ítarlegri upplýsingar um alla þætti samfélagsins, m.a. tölfræði, kort og fundargerðir.



FJARDABYGGÐ



AUSTURBRÚ